

Vorhátíð Síðuskóla 2015



Kæri tilvonandi nemandi Síðuskóla.

Þar sem þú ert að hefja skólagöngu næsta vetur viljum við bjóða þig og fjölskyldu þína velkomna á **Vorhátíð Foreldra- og kennarafélags Síðuskóla sem verður haldin sunnudaginn 10. maí næstkomandi kl. 14:00 – 16:00.**

Við bjóðum þig velkominn **kl. 13.00** á sal skólans þar sem Ólöf skólastjóri tekur á móti þér og Foreldra- og kennarafélagið færir þér Síðuskólaból að gjöf. Þegar því er lokið göngum við inn á A-gang þar sem 1. bekkingar færa þér glaðning. Á ganginum verða nemendur á yngsta stigi með sýningar á verkefnum vetrarins sem gaman er að skoða.

Á staðnum verður hin vinsæla tombóla (kr. 100.- miðinn), kaffi og kökur. Einnig verða grillaðar pylsur í innigarðinum. Hoppukastali verður á staðnum og boðið verður upp á andlitsmálun. Andlitsmálunin mun byrja snemma svo þú getir látið mála þig áður en hátíðin sjálf byrjar ☺

Kaffihlaðborð:

Fullorðnir kr. 500.-
Börn 6-16 ára kr. 250.-
Börn 0-5 ára..... FRÍTT
Safi kr. 50,-

Grill og fleira:

Pylsa og safi kr. 150.-
Popp og safi..... kr. 150,-



PS: við erum EKKI með posa

Vonumst til að sjá þig og fjölskyldu þína.



Foreldra- og kennarafélag Síðuskóla.